

# Verkefni úr kafla 2



## Rannsóknarverkefni: Þátttökuathugun

Þú gerir athugun á einhverri félagslegri hegðun í daglega lífinu. Sem dæmi má nefna: verslað í búð, kennslustund, áhorfendur á fótboltaleik, á læknabiðstofu, í heita pottinum, við messu í kirkju, börn á leikskóla, í bingó, gestamóttaka á hóteli, á kaffihúsi, í búningaklefanum, á flugvellinum, í leiktækjasal. Nemendur geta unnið þetta sem einstaklingsverkefni eða tveir eða þrír saman. Hver nemandi þarf að gera a.m.k. eina athugun einn, en hópurinn skilar skýrslu um rannsóknina saman.

Þið fylgist með hegðun fólksins í nokkurn tíma (lágmark 3 sinnum í u.þ.b. 1 klst. í hvert skipti), skrifið hjá ykkur athugasemdir / minnisatriði öðru hvoru (á staðnum eða strax á eftir) og reynið að gera ykkur heilstæða mynd af því sem fram fer. Verið vakandi fyrir hlutum eins og félagslegum einkennum, hlutverkum, hvaða tákn eru notuð, óskráðar hegðunarreglur, samskipti án orða, nálægð fólks, aðstoð eða afskiptaleysi.

## Lesefni:

Gunnar Þór Jóhannesson og Þórður Kristinsson (2010) Mannfræði fyrir byrjendur (kennslubókin),

Björn Bergsson. 2002. Hvernig veit ég að ég veit? Félagsfræðikenningar og rannsóknaraðferðir. IDNÚ,

Jón Gunnar Bernburg. „Hvernig útskýrir maður aðferðafræði félagsvísinda?“. *Vísindavefurinn* 21.11.2005. <http://visindavefur.is/?id=5420>.

# Verkefni úr kafla 2



## Starfsáætlun:

- 1. skref:** Val á efni. Spurningar settar fram. Lesa og ræða um athuganir. Rannsóknaráætlun gerð (sjá nánar lýsingu á rannsóknaráætlun).
- 2. skref:** Fyrsta athuginin. Almenn athugun þar sem umhverfi og aðstæðum er vel lýst (gerið uppdrátt af staðnum). Lýsa hegðun fólksins, því sem þú tekur eftir, finnst markverðast. Nemendur lesa upp lýsingar sínar í kennslustund. Á grundvelli lýsinganna velur þú atriði til að skoða nánar og býrð til lista yfir þau. Þú getur skoðað hegðun, atburði, hlutverk, tengsl, hópa, félagsleg einkenni, samskiptamynstur, tákn ofl.
- 3. skref:** Tvær athuganir þar sem hegðun fólksins er athuguð nánar. Nemendur lesa upp lýsingar sínar í tímum og við ræðum um tengsl efnisins við hugtök og kenningar í félagsfræði.
- 4. skref:** Skýrslugerð. Rannsóknarlíkani fylgt eftir því sem við á.

## Starfsreglur:

- Hlutleysi, leggja ekki gildishaldið mat á hegðun eða útlit fólksins.
- Falla inn í hópinn.
- Hafa ekki áhrif á hegðun fólksins.
- Ef spurð þá hreinskilin, þið vinnið skólaverkefni.
- Skrifa minnispunkta á staðnum ef það er hægt annars strax á eftir.
- Gera greinarmun á lýsingu á hegðun og ykkar eigin túlkun á hegðuninni.
- Sýna fólki virðingu.
- Nafnleynd.

# Verkefni úr kafla 2



## Skýrsla:

Í rannsóknarskýrslu þarf að koma fram hvert var viðfangsefni rannsóknarinnar, lýsing á rannsóknaraðferðum, þátttakendum, gagnasöfnun og greiningu gagnanna. Einnig þarf að kynna helstu niðurstöður og hvaða vísbendingar þetta litla rannsóknarverkefni gefur um áframhaldandi rannsókn á sviðinu.

## Uppsetning rannsóknarskýrslu skal vera eftirfarandi:

1. Notast við ariel 12 p. letur, 1,5 línubil
2. Nota millifyrirsagnir
3. Hafa blaðsíðutal (ekki á forsíðu)
4. Hafa forsíðu
5. Vera um 10 bls. utan forsíðu og heimildaskrá.

## Í rannsóknarskýrslu skal fjalla um (kaflar og undirkaflar):

1. **Inngangur:** Þar á að vera: **Lýsing á verkefni:** Um hvað snýst verkefnið?

**Markmið:** Hvað vilduð þið fá úr rannsókninni? (upplýsingar/ vísbendingar/ innsýn í/ öðlast skilning á...) **Rannsóknarspurningar:** Hvaða spurningar leiddi ykkur að settu markmiði? **Mikilvægi rannsókna:** Segir sig sjálft. Seljið rannsóknina eins vel og þið getið (getið þessvegna sett þetta fremst eða fléttað saman við *lýsingu á verkefninu*).

2. **Rannsóknaraðferðir:** Stutt lýsing á aðferðarfræðinni (eigindlegri) og þeirri aðferð sem þið notið til gagnaöflunar (þátttökuathugun). Hér eigið þið að vísa í heimildir. **Val á þátttakendum:** Með hverjum fylgdust þið með og hversvegna (viðmið fyrir þátttöku, full gervinöfn ef þið töluðuð við einhverja)? **Aðgengi:** Hvernig nálguðust þið vettvanginn? **Framkvæmd rannsókna:** Hvað gerðuð þið, hvenær og hvernig (gróflega)? Hvenær átti gagnasöfnun sér stað, hvernig fer hún fram, hvernig var unnið úr gögnunum (vettvangsnótur skráðar, gögn greind og skrifuð skýrsla með helstu niðurstöðum). **Hugsanleg vandamál:** Hér veltið þið upp mögulegum vandamálum sem komu fram í rannsóknarferlinu. Til að mynda hvort

# Verkefni úr kafla 2



Þið hafið fordóma gagnvart efninu, erfitt að nálgast staðinn, reynsluleysi í aðferðarfræðinni osfrv.

3. **Fræðilegur bakgrunnur:** Finnið eitthvað sem hefur verið skrifað um sama/svipað efni og dragið saman helstu niðurstöður. Þetta mega vera kenningar (skoðið félagsfræðibókina frá því í fyrra) eða rannsóknir á efnispáttum sem tengjast verkefninu ykkar (munið að skoða t.d. skemman.is). Hér eigið þið að vísa í heimildir.

4. **Niðurstöður:** Hér takið þið saman það sem ykkur fannst markvert úr þátttökuathugununum. Hafið markmið rannsóknarinnar í huga. Skiptið niðurstöðunum í kafla eftir þeim þemum sem þið hafið fundið. Byrjið kaflann á smá inngangi þar sem lesandi er kynntur fyrir þemunum (örstutt). **Þessi kafli er meginbálgur verksins.**

5. **Umræða:** Hér takið þið helsta lærdóm saman og þið megið leggja mat á niðurstöðurnar. Tengid niðurstöðurnar *fræðilega bakgrunninum*. Hér eigið þið að vísa í heimildir.

6. **Lokaorð:** Segið frá hvaða vísbendingar þetta litla rannsóknarverkefni gefur um áframhaldandi rannsókn á sviðinu. Þessi hluti er örstuttur.

7. **Heimildaskrá.** Sett upp samkvæmt stöðluðum heimildarskráningarreglum.

**Við mat á vettvangathugun verða eftirfarandi atriði höfð í huga:**

Framkvæmdarferlið sé jafnt og þétt og að allir hópmeðlimir taki þátt í því.

**Við mat á skýrslunni verða eftirfarandi atriði höfð í huga:**

Munið að gera öllum þáttum skil!

**Inngangur 5%:** Stutt en skýrt.

**Aðferðarfræði 20%:** Er aðferðarfræðin útskýrð og vísað í tilvitnanir?

**Fræðilegur bakgrunnur 10%:** Stutt en skýrt og vísað í heimildir.

# Verkefni úr kafla 2



**Niðurstöður 30%:** Byrjar kaflinn á stuttum inngangi þar sem lesandi er leiddur að efnispáttunum sem eru teknir fyrir? Eru þemun skýr? Eru notuð dæmi úr vettvangsnótunum til að færa stoðir undir niðurstöðurnar?

**Umræður 10%:** Eru helstu niðurstöður dregnar fram og þær settar í samhengi við kenningar/aðrar rannsóknir?

**Lokaorð 5%:** Er minnst á mögulegar frekari rannsóknir?

Gangi ykkur vel og góða skemmtun!

Þórður

thordurk@kvenno.is